



Gildi mannvísinda á 21. öld
Eiríkur Smári Sigurðarson
Hugvísindasviði HÍ

ÞJÓÐARSPEGILLINN
XVII
28.10.2016



HVERT ER MIKILVÆGASTA GILDI HUGVÍSINDA?

„Ekkert, þetta er algjörlega tilgangslaust. Þú færð enga vinnu og ég hvet alla sem ég þekki að hætta námi á hugvísindasviði.“

Svar við spurningu sem lögð var fyrir nemendur og kennara á Hugvísindasviði í september 2015.

ENRESSH

European Network for Research Evaluation in the Social Sciences and Humanities COST Action 15137

Welcome to the **ENRESSH** webpage! The main aim of **ENRESSH** is to enable social sciences and humanities to better demonstrate their true place in academia. It is our belief that, in order to do so, the SSH need adapted and transparent methods of evaluation, calling in turn to improve our understanding of how SSH fields generate knowledge, what kind of scientific and societal interactions characterise different SSH disciplines, and what are the patterns of dissemination of research results in the SSH. We seek therefore to benefit to European and international scholars in research evaluation and in sociology of sciences; to research managers and policy makers at all levels; to research data managers and information system designers; and, last but not least, to researchers in the SSH fields themselves.

This is a provisional site, and many sections are still under construction.

Please have a look to our [first call for STSM](#) and also at our page of [Forthcoming events](#), which includes our upcoming “[SSH Evaluation workshop: Reconciling needs and methods](#)”, a forum dedicated to institutional stakeholders.



AF HVERJU SPYRJA UM GILDI?

Til hvers eru hugvísindi?

Af hverju eigum við að leggja fé í þau?

Hvað eigum við að meta og mæla þegar við beinum sjónum að áhrifum hugvísinda?



UM GAGN, GILDI OG MERKINGU

Páll Skúlason um merkingu háskóla:

„*Merking* háskóla er bundin **reynslu okkar af tiltekinni stofnun eða stofnunum**; hún ræðst einnig af **notkun orðsins „háskóli“**, og getur líka verið samofin þeirri **hugmynd sem mótagast hefur á liðnum öldum um það hvað háskóli er og á að vera**. Inntak hugmyndarinnar um háskóla er þeir eiginleikar sem góður háskóli hefur til að bera en umtakið er allir þeir háskólar sem búa yfir þeim eiginleikum.“ (*Merking og tilgangur* bls. 119-120)



ÞRÍGREINING MERKINGAR

1. Reynsla af tiltekinni stofnun (t.d. HÍ).
2. Notkun orðs („háskóli“ er t.d. notað um 7 stofnanir á Íslandi).
3. Hugmynd (þ.e. hún er samofin þeirri hugmynd sem hefur mótagast í tímanna rás).



KJARNI MERKINGAR

„Hvert þessara atriða er mikilvægast til skilnings á merkingunni? Hverju viljið þið svara? Ef ég væri spurður myndi ég hiklaust svara á þá leið að hugmyndin kæmist næst því að gera okkur kleift að hugsa *merkingu* viðkomandi fyrirbæris, t.d. vináttu eða háskóla.“ (MT bls. 120)

Merking er heimur skynsemi og hugmynda. (MT bls. 209)



HINN SKILYRÐISLAUSI HÁSKÓLI

„Hann er á mótum háskóla sem stofnunar og orðræðuvalds og háskóla sem hugmyndar, verðandi möguleika, þar sem hann semur um og skipuleggur andspyrnu.“

Irma Erlingsdóttir, „Af veikum mætti“, *Ritið* 1/2011 (bls. 22).



HINN ÓGAGNRÝNI HÁSKÓLI

„Þegar fyrirbærið háskólar er skoðað í sögulegu ljósi er niðurstaðan sú að hugmyndin um háskóla sem gagnrýnið afl sem getur veitt öðrum samfélagslegum valdakerfum viðnám er í grundvallaratriðum rómantísk helgimynd sem lýsir ekki háskólum eins og þeir hafa lengst af verið.“

Sverrir Jakobsson, „Háskólar, valdastofnanir eða viðnámsafl?“, *Ritið* 1/2011 (bls. 90).



EN...

„Ekki ber þó að vanmeta styrk þessarar helgimyndar ... í skrifum [Humboldt og fleiri] birtist hugmynd um fyrirmyndarháskóla sem þessar þversagnarkenndu menntastofnanir hafa iðulega mælt sig við og hefur ýtt undir viðleitni til að gera háskólana að vígi gagnrýnnar hugsunar.“

Sverrir Jakobsson, sama stað.



MERKING HÁSKÓLA = HUGVÍSINDI?

Páll 2015 („The Future of European Universities“). Um muninn á fræðilegri (akademískri) menntun og starfsmenntun og um nauðsyn skýrari aðgreiningar.

Læknar og lögfræðingar þurfa ekki fræðilega menntun. Rannsakendur á þessum sviðum þurfa hins vegar fræðilega menntun.

„In philosophy or literature, of course, tertiary education is wholly theoretical or close to it.“ *Critique of Universities* (bls. 59)



HUGMYND PÁLS

Kennsla sem er í eðli sínu fræðileg:

- byggir á gagnrýninni hugsun.

Hugvísindi hafa þennan eiginleika í ríkari mæli en aðrar greinar:

- eina kennslusviðið sem er í eðli sínu fræðilegt.



MANNVÍSINDI – HUGVÍSINDI – 1

Stofnunin eða umfangið

- Hugvísindasvið HÍ.
- Ýmsar stofnanir (SÁM, ReykjavíkurAkademína, ...).
- Reikniflokkur í líkani ríkisins.



MANNVÍSINDI – HUGVÍSINDI – 2

Orðið

- Aulus Gellius *Attikunætur* (2. öld o.t.).
 - humanitas = παιδεία = þjálfun í hinum æðstu listum sem gera okkur mennskust (maxime humanissimi).
- „Hugvísindi“ = humaniora, humanities: mið 20. öld.
- Óljós mörk fræðasviða (stofnun/orð?).



MANNVÍSINDI – HUGVÍSINDI – 3

Hugmyndin?

- Sagnfræði eða hagnýt menningarmiðlun?
- Íslenska eða kvikmyndafræði?
- Heimspeki eða hinsegin fræði?
 - Innri gagnrýni á meint alvarlegt ástand hugvísinda kemur oft úr ranni þess hefðbundna.



PLATONSKAR OG ARISTÓTELÍSKAR KLÍKUR

HUG-Platonistar

Grunnvísindi

Löng saga

Hefðbundin gæðaviðmið

„Frummyndir“

- Á jaðrinum: Fórnarlambið

HUG-Aristótelistar

Nýsköpun


Þverfagleiki

Hagnýting

Margbreytilegur afrakstur

- Á jaðrinum: Áhugamanneskjan

Guldbrandsen og Aanstad (2012)



HUMANITIES WORLD REPORT 2015

POUL HOLM,
ARNE JARRICK,
and DOMINIC SCOTT



HUMANITIES WORLD REPORT

Viðtöl við 89 fræðimenn í hugvísindum frá öllum heimsálfum til að kortleggja stöðu hugvísinda.

Höfundar greindu í kjölfarið hugmyndir um gildi hugvísinda og flokkuðu í 9 hluta.

- Ekki greining á gildum sem slíkum heldur afmörkun sviða sem viðmælendur töldu gildi hugvísinda tilheyra.



GILDI HUGVÍSINDA (HWR2015)

1. Eigið gildi (intrinsic value)
2. Félagslegt gildi (social value)
3. Menningarverðmæti (cultural heritage)
4. Hagrænt gildi (economic value)
5. Framlag til annarra fræðigreina (contribution to other disciplines)
6. Nýsköpun (innovation)
7. Gagnrýnin hugsun (critical thinking)
8. Andlegur þroski (personal and spiritual development)
9. Fagurfræðilegt mat (aesthetic appreciation)



HUGVÍSINDASVIÐ – KÖNNUN (2015)

Eigið gildi:	20 (28%)
Gagnrýnin hugsun:	15 (21%)
Andlegur þroski:	12 (17%)
Menningarverðmæti:	11 (15%)
Félagslegt gildi:	10 (14%)
Tengsl við aðrar fræðigreinar:	3 (4%)

Niðurstöður
vinnuhóps um
áhrif hugvísinda á
ráðstefnu
Scholarly
Communication
Institute 9.-13.
október sl. í
Chapel Hill, North
Carolina.





GILDI HUGVÍSINDA?

Kemur kjarni akademíu skýrast fram í hugvísindum?

Felst gildi hugvísinda í gagnrýninni hugsun?

- Eða:

Felst gildi hugvísinda í mótun vitsmunalegra og persónulegra dyggða?



VIÐAUKI: DÆMI UM SVÖR



EIGIÐ GILDI

„Eykur skilning á eðli mannsandans. Leitast við að skilja og þekkja hið ómælanlega í menningunni.“

„Þau huga að mannskepnunni í heilu lagi.“

„Hið mannlega í fræðunum. Í stað þess að skoða tölur, lög o.s.frv. á blaði er verið að fást við hið mannlega sem snertir okkur öll.“



GAGNRÝNIN HUGSUN

„Mikilvægustu gildi hugvísinda eru heiðarleiki, gagnrýnin afstaða til þekkingar, og virðing fyrir fjölbreytni mannlegs samfélags.“

„Gagnrýnin hugsun sem aflvaki raunverulegs umburðarlyndis (ekki innantómrar og ódýrrar afstæðishyggju) og raunverulegrar framþróunar (ekki óígrundaðra yfirborðsbreytinga og óæskilegrar nýjungagirni).“



ANDLEGUR ÞROSKI

„Hugvísindi bjarga mannlífum, á þann eina hátt sem það er í raun hægt, með því að veita tímabundnu lífi inntak.“

„Gefur okkur svigrúm og tækifæri til að verða okkar besta mögulega sjálf. Í sjálfinu skynjum við einnig hið sammannlega.“



MENNINGARVERÐMÆTI

„Gildi hugvísinda er fyrst og fremst að stuðla að þekkingu og skilningi á menningu og sögu mannkyns. Hugvísindi hafa öðrum greinum fremur þróað fræðikenningar og aðferðir sem gera okkur kleift að túlka samtíð okkar og sögu á gagnrýnninn hátt. Það er táknrænt að í alræðisríkjum er oft þrengt mjög að hugvísindum og reynt að kúga hugvísindamenn til auðsveipni undir ríkjandi hugmyndafræði vegna þess að valdhafar óttast frjálsa og gagnrýna hugsun.“



FÉLAGSLEGT GILDI

„Þau stuðla að sífelldri og faglegri (fræðilegri) uppfærslu manns og samfélags fyrir tilstuðlan gagnvirkrar (og greinandi) samræðu við umheiminn.“

„Hugvísindin eru öðru fremur vísindin um manninn, viðhorf hans til umhverfis síns og ábending um hvernig hann megí koma þannig fram við umhverfið að það beri ekki skaða af, heldur megí njóta þess að maðurinn sé hluti af því.“



TENGIS VIÐ AÐRAR FRÆÐIGREINAR

„Mikilvægasta gildi hugvísinda er þverfaglegleiki þeirra. Þau láta sér ekkert óviðkomandi sem manneskjan tekur sér fyrir hendur og leita því, raunar þarfnast, samstarfs við aðrar vísindagreinar.“